



ÁLIT NR. 02/2011

FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU

frá 19. apríl 2011

varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem kveður á um
útfærslureglur vegna hæfni öryggis- og þjónustuliða í flugi í viðskiptalegum
tilgangi

'Hæfni öryggis- og þjónustuliða og vottun þar að lútandi'

Skýring

I. Inngangur

1. Tilgangur þessa álits er sá að aðstoða framkvæmdastjórnina við að lögleiða útfærslureglur fyrir starfsfólk í almenningssflugum sem vísað er til í gr. 4(2) í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008¹ (hér eftir nefnd 'grunnreglugerðin').
2. Grunnreglugerðin kemur á alhliða ramma fyrir skilgreiningu og útfærslu sameiginlegra tæknilegra krafna og stjórnsýslulegs verklags á sviði almenningssflugs. Innan þessa ramma tekur þetta álit sérstaklega á þeirri hæfni öryggis- og þjónustuliða í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi sem vísað er til í gr. 4(1)(b) og (c) í þeirri reglugerð.
3. Markmið tillagðs liðs-Öryggis- og þjónustuliðar (hér eftir nefndur 'liður-CC') er að koma á sameiginlegum tæknilegum kröfum sem tilgreina skilyrði til útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar eða ógildingar vottunar öryggis- og þjónustuliða sem gert er ráð fyrir í gr. 8(4) og (5) í grunnreglugerðinni sem og sérréttindi og ábyrgð handhafa þeirra.
4. Liður-CC, eins og hann er lagður til af þessu áliti, samanstendur af þremur undirliðum, þar á meðal:
 - o Undirlið GEN, almennar kröfur;
 - o Undirlið CCA, sértækar kröfur fyrir vottun öryggis- og þjónustuliða;
 - o Undirlið TRA, þjálfunarkröfur fyrir umsækjendur og handhafa vottunar öryggis- og þjónustuliða.
5. Sá texti sem lagður er til í þessu áliti endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegum tillögum stofnunarinnar (eins og þær voru gefnar út í tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02e) að viðhöfðu almennu samráði, sem og frekari breytingar sem gerðar voru í kjölfar endurskoðunar viðbragða við CRD.

II. Samráð

6. Upphaflegu tillögurnar vegna liðs-CC voru gefnar út sem hluti af tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02 á vefsíðu stofnunarinnar (<http://www.easa.europa.eu>) þann 30. janúar 2009.
Tímasetning umsagnaleitunar vegna tilkynningarinnar um fyrirhugaða breytingu var framlengd í samræmi við gr. 6(6) í reglusetningarferlinu² samkvæmt beiðni hagsmunaaðila í því skyni að tryggja skörun við skyldar tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar og til þess að veita meiri tíma til athugasemda, að teknu tilliti til stærðar og umfangs tilkynningarinnar um fyrirhugaða breytingu.
7. Tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02 var skipt niður í sjö aðgreind skjöl, eitt af þeim, tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02e³, innihélt drög

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði almenningssflugs og stofnsetningu Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins nr. 91/670/EEC, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjórnartíðindi Evrópu L 79, 19.03.2008, bls. 1), með breytingum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009.

² Ákvörðun stjórnarráðs EASA nr. 08-2007, sem breytir og kemur í stað reglusetningarferlisins, og samþykkt var á fundi stjórnarráðsins nr. 03-2007 þann 13. júní 2007. (http://www.easa.eu.int/ws_prod/g/management-board-decisions-and-minutes.php).

³ Tilkynning um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02e: http://easa.europa.eu/ws_prod/r/doc/NPA/NPA%202009-02E.pdf.

að tillögum fyrir útfærslureglur (e. Implementing Rules, IR) og viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðunum (e. Acceptable Means of Compliance, AMC) þar að lútandi sem og leiðsagnarefni (e. Guidance Material, GM) fyrir hæfni öryggis- og þjónustuliða í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi og tengda vottun öryggis- og þjónustuliða sem vísað er til í gr. 8 (4) og (5)(e).

8. Þann 31. júlí 2009⁴, sem var lokadagur tímasetningar umsagnaleitunar, hafði stofnunin yfirfarið 568 athugasemdir sem tengdust lið-CC. Á meðal meginathugasemdaaðila voru flugmálastjórnir ríkja, samtök flugfélaga og samtök öryggis- og þjónustuliða, sem og einstök flugfélög og einstaklingar.
9. Rammi vinnu við endurskoðun athugasemda var sameiginleg nálgun að útvíkkun ESB hæfni sem samþykkt var af stofnuninni, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stjórnarráði stofnunarinnar. Þessi sameiginlega nálgun kom ekki einungis á fót ítarlegri forgangsroðun þeirrar vinnu sem stofnunin átti að þróa, heldur einnig háttsettum meginreglum sem myndu stýra endurskoðun athugasemdanna. Á meðal þeirra voru: fylgni við ICAO SARPs, ESB lög og samþykktar sameiginlegar flugmálakröfur (e. Joint Aviation Requirements, JARs); nauðsyn þess að taka tilhlyðilegt tillit til öryggis- og stjórnunarkrafna og til núverandi skiptingar texta á milli bindandi og óbindandi laga; þörfin á því að íhuga hömlur eins og breytingar sem leiða af grunnreglugerðinni og tilkynningum Flugöryggissamtaka Evrópu (e. Joint Aviation Authorities, JAA) um fyrirhugaðar breytingar sem náðst hefur samstaða um; þörf þess að búa til hlutfallslegar kröfur; og, að lokum, krafan um að veita skýrleika, lagalegri vissu og framfylgjanleika tillagðs reglugerðartexta sérstaka athygli.
10. Stofnunin lagði niðurstöður endurskoðunar athugasemdanna og drög að texta fyrir OPS.001 endurskoðunarhópa fyrir flutningaflug í viðskiptalegum tilgangi (e. commercial air transport, CAT)⁵ og fyrir tómsundaflug með flóknum vélknúnum loftförum (e. non-commercial operations with complex motor-powered aircraft, NCC)⁶.
11. Þeir hópar sem nefndir hafa verið voru settir á fót í samræmi við reglusetningarferlið og voru skipaðir meðlimum OPS.001 lykiluppkastshópsins sem og öðrum sérfræðingum frá stofnuninni, flugmálastjórnnum ríkja og iðnaðinum, sem höfðu ekki verið hluti af upphaflega uppkastsaðfanganum.
12. Á grundvelli ítarlegrar endurskoðunar allra athugasemda við tilkynninguna um fyrirhugaða breytingu og innleggs frá endurskoðunarhópnum, voru endurbættar tillögur gefnar út á vefsíðu stofnunarinnar þann 7. október 2010 sem viðbrögð við umsögnum (CRD) við tilkynningu um fyrirhugaða breytingu nr. 2009-02e - lið-CC. Á lokadeginum, þann 7. desember 2010, hafði stofnunin tekið á móti 80 viðbrögðum (sem leiddu af sér 176 mismunandi viðbrögð) frá 35 athugasemdaaðilum, þar á meðal flugmálastjórnnum ríkja, samtökum flugfélaga og samtökum öryggis- og þjónustuliða, sem og einstökum þjálfunarstöðvum, flugfélögum og framleiðendum þjálfunarbúnaðar.
13. Á meðal viðbragðanna sem ætluð voru lið-CC voru 29 viðbrögð sem höfðu að gera með rekstrarkröfur fyrir öryggis- og þjónustuliða sem gefnar voru út með CRD fyrir stofnanakröfur (liður-OR - OR.OPS.CC) og 5 viðbrögð sem höfðu að gera með tillögurnar við undirlið AR.CC sem gefinn var út í CRD fyrir stjórnvaldskröfur (lið-

⁴ Í samræmi við gr. 6.6 ákvörðunar stjórnarráðsins nr. 08-2007, framlengdi stofnunin tímasetningu umsagnaleitunar um 2 mánuði til viðbótar í því skyni að tryggja skörun við skyldar tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar (frá 30. maí 2009 til 31. júlí 2009).

⁵ Samsetning reglusetningarhóps fyrir CAT
(http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/doc/NPA/Review%20Group/GC%20OPS%20001%20CAT.pdf).

⁶ Samsetning reglusetningarhóps fyrir NCC
(http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/doc/NPA/Review%20Group/GC%20OPS%20001%20CMPA.pdf).

AR). Á sama hátt voru 29 af þeim 113 viðbrögðum, sem átta við öryggis- og þjónustuliða og móttækin voru við CRD sem átti við liði-AR og OR (AR.CC og OR.OPS.CC), viðbrögð við lið-CC. Sum þessara viðbragða voru tvítekin.

III. Samantekt viðbragða sem móttækin voru við CRD lið-CC og afleiddur texti

14. Stofnunin framkvæmdi ítarlega greiningu og mat á öllum viðbrögðum sem móttækin voru. Á grundvelli þessa, voru breytingar gerðar á CRD textadrögum fyrir lið-CC. Frekari upplýsingar er að finna að neðan undir viðeigandi fyrisögnum.

Forsíðureglugerð fyrir lið-CC

15. **Forsíðureglugerðin um starfsfólk á sviði almenningsflugs** inniheldur kröfur sem ætlaðar eru aðildarríkjum, skilgreinir almennt nothæfi þeirra liða sem hún nær til og leggur til aðlögunarráðstafanir sem gætu falið í sér úrsagnir⁷ sé farið fram yfir 8. apríl 2012. Þar sem útgáfa álita stofnunarinnar um fyrstu framlengingu fer nú fram í skrefum, er þess vænst að skyldar reglugerðir geti einnig verið lögleiddar í skrefum, þegar tekið er tillit til þess að við lok lögleiðingarferlis framkvæmdastjórnarinnar mun reglugerðin um starfsfólk á sviði almenningsflugs ná til liðs-FCL, liðs-MED og liðs-CC (þ.e. reglna sem ná yfir leyfisveitingu flugáhafna og heilbrigðisvottun þeirra, sem og hæfni öryggis- og þjónustuliða og læknisfræðilegrar færni þeirra).
16. **Flest viðbragðanna sem bárust vegna forsíðureglugerðarinnar við lið-CC sem gefin var út með CRD** lögðu áherslu á tillagða kröfu um að leysa af hólmi vottun öryggisþjálfunar sem gefin var út í samræmi við viðauka III við reglugerð Evrópuráðsins (EBE) nr. 3922/91⁸ með breytingum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008⁹ (hér eftir nefn EU-OPS), með vottunum öryggis- og þjónustuliða af hinu nýja sniði, og á tillögðum aðlögunartímabilum.
17. **Forsíðureglugerðin sem gefin er út í þessu áliti:** Hinni almennu meginreglu þess að vottun öryggisþjálfunar sem gefin er út í samræmi við EU-OPS til öryggis- og þjónustuliða á sviði flutningaflugs í viðskiptalegum tilgangi á flugvélum gildi áfram, hefur verið viðhaldið og hún skýrð. Ennfremur hefur aðlögunartími þess að leysa hana af hólmi með vottunum öryggis- og þjónustuliða af hinu nýja sniði verið framlengdur til 8. apríl 2017, svipað því sem mun gilda fyrir endurútgáfu til nýs sniðs flugmannsskírteina sem uppfylla JAR, með það í huga að:

- o veita aðildarríkjum og viðkomandi hagsmunaaðilum meiri tíma með tilliti til útgáfu vottunar öryggis- og þjónustuliða af hinu nýja sniði; og
- o ná yfir mismunandi aðstæður þess þegar öryggis- og þjónustuliðar eru handhafar, eins og við á samkvæmt þessari reglugerð, vottunar öryggisþjálfunar sem gefin er út í samræmi við EU-OPS. Hér er tekið tillit til þess að krafan fyrir þjálfun loftfarstegundar sem ljúka á til viðbótar við frumþjálfun fyrir útgáfu vottunar öryggis- og þjónustuliða eins og upphaflega var lagt til í tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu og CRD, hefur verið fjarlægð, og því er krafan um ljúkningu frumþjálfunarnámskeiðs takmörkuð.

Það er óvenjulegt fyrir flugáhafnir en reynslan sýnir að öryggis- og þjónustuliðar gætu kosið að hætta að fljúga í eitt ár eða lengur. Í slíkum tilvikum er ekki hægt að viðhalda þeirri þekkingu og hæfni sem áunnin er í


⁷ Úrsögn er aðlögunarráðstöfun sem gefur aðildarríkjum kost á að fresta innleiðingardagsetningu tiltekins ákvæðis, upp að ákveðnum tímamörkum sem skilgreind eru í lögum.

⁸ Stjórnartíðindi EB L 373, 31.12.91, bls. 4-8.

⁹ Stjórnartíðindi EB L 254, 20.09.08, bls. 1.

frumþjálfun með flugreynslu og tilskyldri tengdri þjálfun og athugun, og gildi frumþjálfunarinnar rennur því út eftir ákveðinn tíma þegar ekki er flogið.

18. Gr. 1 í forsiðureglugerðinni útlístar fyrirhugaðar breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um starfsfólk á sviði almenningsflugs svo hún nái til öryggis- og þjónustuliða, á eftirfarandi hátt:
- o Lið um hæfni öryggis- og þjónustuliða er bætt við undir 'Umfang og nothæfni';
 - o Skilgreiningu á öryggis- og þjónustumeðlimum er bætt við undir 'Skilgreiningar': Skilgreiningin tekur tillit til breytinganna sem áttu sér stað í fluggeiranum eftir upphaflega útgáfu JAR-OPS sem innihélt skilgreininguna sem nú er að finna í EU-OPS og veitir aukna lagalega vissu. Hún spannar allar skyldur öryggis- og þjónustuliða og svið þar sem þeir sinna skyldum (innan sem og utan farþegarýmris loftfarsins, t.d. eftir neyðarrýmingu) og gerir það algjörlega skýrt að slíkt starfsfólk skal vera hæft til þess að sinna þeim skyldum sem krafist er.
 - o Nýrri grein í 'Hæfni öryggis- og þjónustuliða og vottun þar að lútandi' er bætt við í því skyni að tilgreina að öryggis- og þjónustuliðar í flutningaflugi á loftförum í viðskiptalegum tilgangi sem vísað er til í gr. 4(1) (b) og (c) í grunnreglugerðinni skuli vera hæfir í samræmi við lið-CC, og í því skyni að lýsa aðlögunarráðstöfununum. Einnig er tekið á sérstökum tilvikum þess þegar öryggis- og þjónustuliðar starfa í flutningaflugi á þyrlum í viðskiptalegum tilgangi sem er, eins og sakir standa, ekki gert að hafa vottun öryggisþjálfunar.
19. Gr. 2 í forsiðureglugerðinni tilgreinir dagsetningu gildistöku og gefur kost á úrsögnum hvað varðar ákvæði um skjöl og skráningu, og einnig hvað varðar útgáfu vottunar öryggis- og þjónustuliða til öryggis- og þjónustuliða í flutningaflugi á þyrlum í viðskiptalegum tilgangi.
20. Taflan að neðan sýnir uppbyggingu liðs-CC sem viðauka V við forsiðureglugerðina fyrir starfsfólk í almenningsflugi eins og gefið er út í þessu álit.



Liður-CC Kröfur um hæfni öryggis- og þjónustuliða

21. CRD tillögurnar fyrir lið-CC fela í sér kröfurnar um hæfni og vottun þar að lútandi, eins og við á fyrir öryggis- og þjónustuliða í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi. Þessar kröfur eru studdar af rekstrarkröfunum sem beint er að rekstraraðilum sem starfrækja loftför með farþegarými og af stjórnvaldskröfum sem eiga við umsækjendur og handhafa vottunar öryggis- og þjónustuliða.
22. **Viðbrögð við CRD** komu frá 35 athugasemdaaðilum, eins og hér segir:
- 6 aðildarríkjum: 3 þeirra staðfestu áhyggjur sínar af sumum CRD tillagnanna sem og af tillögum tilkynningarinnar um fyrirhugaða breytingu, þrátt fyrir að þau styddu aðrar breytingar sem gerðar voru.
 - 5 evrópsk samtök flugfélaga og 6 einstök flugfélög frá 3 aðildarríkjum staðfestu að þau væru ósammála gildissviði vottunar öryggis- og þjónustuliða þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru á upphaflegu tillögunum.
 - 13 samtök öryggis- og þjónustuliða: öll kvörtuðu þau undan því að verulega hefði verið dregið úr CRD tillögunum og fóru þess á leit að snúið yrði aftur til upphaflegu tillagna tilkynningarinnar um fyrirhugaða breytingu.
 - 5 þjálfunarstöðvar (e. training organisations, TOs) og framleiðendur þjálfunarbúnaðar lýstu áhyggjum sínum yfir skorti á sameiginlegum kröfum fyrir TO samþykktir og þjálfunarbúnað, og fóru þess á leit að EASA þróaði slíkar viðmiðanir eða staðla.
23. **Meginatriði** - Við endurskoðun þeirra viðbragða sem bárust, voru eftirfarandi meginatriði nefnd til sögunnar:
- **Umfang vottunar öryggis- og þjónustuliða:**
 - Tillögð krafa um sértæka þjálfun fyrir loftfarstegundir sem ljúka skal til viðbótar við frumþjálfunarnámskeið áður en gefa má vottun öryggis- og þjónustuliða út, virtist vera meginatriðið. Meirihluti viðbragðanna lýsti þeirri skoðun að gefa ætti vottunina út eftir að frumþjálfunarnámskeiði væri lokið, eins og EU-OPS kveður á um, að undanskilinni kröfu um sértæka þjálfun fyrir tegund loftfars.
 - **Skilyrði til notkunar vottunar handhafanna:**
 - Krafan um að vottun skuli borin þegar skyldur eru inntar af hendi á loftfari fékk mismunandi viðtökur.
 - Krafan um að öryggis- og þjónustuliðar skuli búa yfir læknisfræðilegri færni, sem þegar er krafist af EU-OPS, var sem slík að fullu samþykkt.
 - **Þjálfunarkröfur:**
 - Önnur viðbrögð lýstu þeirri skoðun að tilgreina ætti ítarlega þjálfunarnámsskrá í viðauka við útfærslureglurnar, sem hefði sömu stöðu og samkvæmt EU-OPS, til að tryggja áreiðanleika og stuðla að viðurkenningu á vottun öryggis- og þjónustuliða innan alls Evrópusambandsins.
24. **Texti sem lagður er fram í álitinu:** Útfærslureglur (e. the Implementing Rules, IRs) liðs-CC er að finna í þremur undirliðum eins og lýst er að neðan.
25. **Liður-CC undirliður GEN - Almennar kröfur**
- Undirliður GEN felur í sér IRs sem tilgreina lögbært stjórnvald (CC.GEN.001) og umfang (CC.GEN.005) liðs-CC. Hann tilgreinir einnig hvernig leggja skal fram umsókn um vottun öryggis- og þjónustuliða (CC.GEN.015) og lágmarksaldur umsækjenda (CC.GEN.020).

- Undirliður GEN felur einnig í sér IRs í CC.GEN.025 sem lýsa sérréttindum þeim er tengjast vottun öryggis- og þjónustuliða sem krafist er af lið-CC sem og skilyrðum notkunar þeirra og skyldum handhafans. Kröfurnar sem þegar var að finna í EU-OPS, þ.e.a.s. um samfellda færni og um hæfni á þeirri tegund loftfars sem starfrækja á, eru staðfestar. Krafan um að vottunin skuli borin þegar sérréttinda er neytt hefur verið flutt í nýja IR 'CC.GEN.030 Skjöl og skráning' af þeim ástæðum sem lýst er í eftirfarandi málsgrein.
- Þessi IR var þróuð til að skýra ábyrgð handhafans í tengslum við sérfræðiskjöl hans og þjálfunarskýrslur. Hafandi í huga hinar margvíslegu skoðanir sem látnar voru í ljós, er stofnunin þeirrar skoðunar að öryggis- og þjónustuliðar, sem og hvert annað starfsfólk í almenningsflugum sem gert er að fylgja reglum, skuli vera gert að sýna fram á fylgni hvenær sem er. Þetta er grundvallartilgangur allra sérfræðiskjala sem reglur um flugöryggi krefjast. Markmiðið er að bæta vitund og skuldbindingu handhafanna á því að tryggja að þeir uppfylli viðeigandi reglur og að skjöl þar að lútandi séu gild og þeim sé viðhaldið í góðu ástandi. Markmiðið er einnig að stuðla að skoðunum á hlaði. Síðara atriðið er sífellt að verða mikilvægara í núverandi flugumhverfi þar sem sjálfstætt starfandi og árstíðabundnum öryggis- og þjónustuliðum fjölga stöðugt, sem og öryggis- og þjónustuliðum í hlutastarfi eða í fullu starfi sem starfa fyrir einn eða fleiri rekstraraðila.
- Ennfremur, eins og gert er ráð fyrir í grunnreglugerðinni (gr. 8(5)(e)), verður að viðhalda vottun öryggis- og þjónustuliða. Þar sem vottun öryggis- og þjónustuliða er gefin út eftir frumþjálfunarnámskeið, og því í ótakmarkaðan tíma við venjulegar aðstæður, getur handhafinn einungis sýnt fram á tilskilda samfellda fylgni við aðrar viðeigandi öryggisreglur ef vottuninni fylgir listi yfir loftfarstegundarhæfni sem rekstraraðilar láta hverjum öryggis- og þjónustuliða í sinni þjónustu í té. Svo það sé tekið með í reikninginn að allir rekstraraðilar verða að hafa á að skipa kerfi til að útvega starfsfólki sínu öryggistengdar upplýsingar og uppfærslur, er þetta lagt til sem hagnýtasti valkosturinn samanborið við stjórnsýslulegt ferli sem framkvæmt er af yfirvöldum eða þar til bærrí stofnun til endurútgáfu og/eða endurfullgildingar vottananna.

26. Liður-CC, undirliður CCA - Sértækar kröfur fyrir vottun öryggis- og þjónustuliða

- Undirliður CCA inniheldur IRs sem taka sérstaklega á útgáfu, gildi og sviptingu eða afturköllun vottunar öryggis- og þjónustuliða. Vottun öryggis- og þjónustuliða skal gefa út eftir að frumþjálfunarnámskeiði og prófum þar að lútandi hefur verið lokið á fullnægjandi hátt. Fylgni við aðrar viðeigandi þjálfunarkröfur er áfram skilyrði fyrir notkun handhafanna á vottuninum eins og þegar hefur verið nefnt að ofan.
- Ennfremur, eins og beðið er um í viðbrögðunum sem bárust frá fjölmörgum aðildarríkjum, má fela stofnun það verkefni að gefa út vottunina (CC.CCA.100), sé það ákveðið af aðildarríki í samræmi við gr. 8(4) í grunnreglugerðinni, að því gefnu að hver slík stofnun sé samþykkt til þess af lögbæru stjórnvaldi.
- IR í CC.CCA.105 um gildi vottunar öryggis- og þjónustuliða hefur verið breytt og gildisskilyrði sem upphaflega voru lögð til verið leyst af hólmi af öðrum tillögum athugasemdaaðila, sem er að gildi vottunar skuli renna út komi til sviptingar eða afturköllunar lögbærs stjórnvalds eða að handhafi neyti ekki sérréttinda sinna í meira en 60 mánuði.
- IR í CC.CCA.110 um sviptingu og afturköllun vottunar öryggis- og þjónustuliða tilgreinir skilyrði sem eru mjög svipuð þeim sem eiga við um annað starfsfólk í almenningsflugum og svipta má eða afturkalla vottunina samkvæmt af lögbæru stjórnvaldi.

27. **Liður-CC undirliður TRA - Þjálfunarkröfur fyrir umsækjendur og handhafa vottunar öryggis- og þjónustuliða.**

Undirliður TRA inniheldur IRs sem ná sérstaklega til þjálfunarkrafna sem byggjast aðallega á samsvarandi EU-OPS kröfum.

- o Ítarleg námsskrá fyrir frumþjálfunarnámskeiðið sem CC.TRA.220 krefst, er tilgreind í viðauka við liðinn sem hefur sömu lagalegu stöðu og samkvæmt EU-OPS. Þetta ætti að stuðla að viðurkenningu vottana öryggis- og þjónustuliða í öllu Evrópusambandinu;
- o Loftfarstegundarhæfni eða hæfniafbrigði samkvæmt CC.TRA.225, sem endurspeglar núverandi EU-OPS þjálfunar- og skoðunarkröfur, eru tilgreindar sem skilyrði notkunar á vottun handhafanna. Þjálfunaráætlunin verður tilgreind í útfærslureglunum sem beint er að rekstraraðilum og ná yfir flugrekstur (liður-CAT).

28. **Atriði sem hafa þarf í huga við frekari reglusetningu**

Samráðsferlið sýndi berlega breiða samstöðu á meðal flestra aðildarríkja og hagsmunaaðila hvað varðar þörfina á að þróa sameiginlegar viðmiðanir eða staðla á ESB stigi fyrir samþykki þjálfunarstöðva sem ætlaðar eru öryggis- og þjónustuliðum, fyrir hæfni leiðbeinenda og prófdómara og fyrir þjálfunarbúnað. Því leggur stofnunin til, að tilteknum sameiginlegum skilningi og samþykki á lagalegum grundvelli af löggjafanum, að taka á þessum málefnum með reglusetningarverkefni í framtíðinni.

Köln, 19.04.11

P. GOUDOU

Framkvæmdastjóri